

## 6. gr.

Bann við notkun arsensambanda í viðarvörn tekur ekki til notkunnar ólífrænna saltlausna (kopar-króm-arsen) í iðnfyrirtækjum sem búin eru sérstökum tækjabúnaði þar sem notaður er þrýstingur eða lofttæmi til að gegndreypa viðinn.

## 7. gr.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar að öðru leyti en því sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## 8. gr.

Um mál, er rísa kunna út af brotum á reglum þessum, fer að hætti opinberra mála. Um refsingar fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

## 9. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni og 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og í samræmi við 4. tl., XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun 76/769/EBE, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ásamt breytingum í tilskipunum 89/677/EBE, 91/173/EBE og 91/338/EBE.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 6. ágúst 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Magnús Jóhannesson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvöru nr. 282/1994, sbr. reglugerð nr. 214/1995.**

## 1. gr.

Við 1. gr. bætist nýr málslíður sem orðist svo:

Skilagjald á drykkjarvörur í einnota stálumbúðum skal nema 8 krónum á hverja umbúðaeiningu.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 23. júlí 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Magnús Jóhannesson.*